

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru, meðal annars nemendur og tónlistarkennarar. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en miklu fleiri hafa leikið með henni í lengri eða skemmi tíma. Starfið er ólaunað. Fjöldi þekktara, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra. Sveitin heldur 5-7 tónleika á ári, en auk þess kemur hljómsveitin fram við ýmis tækifæri. Hljómsveitin hefur gefið út þrjá hljómdiska með leik sínum og einnig tekið þátt í gerð kvikmynda.

Að þessu sinni er Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiöla  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Júlía Traustadóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Jelena Kuzminova  
Jónína Þ. Thorarensen  
Rós Pétursdóttir  
Margrét Lára Jónsdóttir

Selló  
Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Sverrir Teitsson  
Þorbjörg Sveinsdóttir  
Hrefna Guðmundsdóttir  
Eric Moseley

Bassethorn  
Kristín Þóra Pétursdóttir

Fagott  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Þórður Magnús Tryggvason

Kontrafagott  
Þórður Magnús Tryggvason

Horn  
Torfi Þór Gunnarsson  
Erna Ómarsdóttir

Trompet  
Steinar Matthías Kristinsson  
Jón Hafsteinn Guðmundsson

Pákur  
Eggert Pálsson

2. fiöla  
Hekla Arnardóttir  
Drífa Örvarsdóttir  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Helga Andrésdóttir  
Una Sólveig Jóakimsdóttir  
Brynhildur Höskuldsdóttir

Kontrabassi  
Roine Hultgren  
Kjartan Guðnason

Flauta  
Karen Erla Karólínudóttir  
Helga Svala Sigurðardóttir

Óbó  
Guðrún Másdóttir  
Sverrir Guðmundsson

Klarinett  
Barclay Anderson  
Jóhann Ingólfsson

Vióla  
Páll E. Ingvarsson  
Sólvi Karlsson  
Pál N. Jespersen  
Súsanna Friðriksdóttir

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.  
Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2013.



# Tónleikar

## Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju


sunnudaginn 13. október 2013 kl. 18:00

### Vínarklassík í c-moll

Stjórnandi:  
Oliver Kentish

Einleikari á píanó:  
Hákon Bjarnason

Tónleikarnir eru liður í Menningarhátíð Seltjarnarness 2013



Hákon Bjarnason



Mozart



Beethoven



Haydn



Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn.  
Afsláttarverð kr.1000 fyrir nemendur og eldri borgara

## Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: Maurerische Trauermusik K477

Ludwig van Beethoven: Pianókoncert nr. 3 í c-moll, op 37

*Allegro con brio*

*Largo*

*Rondo allegro*

## HLÉ

Joseph Haydn: Sinfónía nr. 95 í c-moll

*Allegro moderato*

*Andante*

*Menuetto*

*Finale: Vivace*

## Höfundar, tónverk og flytjendur:

Ein af furðum menningarsögunnar er hvernig listsköpun blómstrar stundum á afmörkuðum svæðum og í takmarkaðan tíma. Til verður fjöldi ódauðlegra listaverka, gerð af hópi fólks sem oft þekktist vel innbyrðis og skiptist á hugmyndum og skoðunum. Best þekkt dæmið um þetta er líklega hið svokallaða klassíska tímabil tónsköpunar í Vín á átjándu og nítjándu öld. Sem dæmi úr íslenski menningarsögu má ef til vill nefna ritunartíma Íslendingasagna á þrettándu og fjórtándu öld og blómatíma sönglagagerðar á fyrri hluta tuttugustu aldar. Í dag ætlum við að gera Vínarklassíkinni nokkur skil og leikum verk eftir Mozart (1756 – 1791), Beethoven (1770 – 1827) og Haydn (1732–1809), sem stundum eru nefndir höfuðskáld klassíkurinnar. Þeir þekktust allir vel þótt á þeim væri allnokkur aldursmunur. Gagnkvæm áhrif á tónsköpun þeirra fer ekki milli mála.



Wolfgang Amadeus Mozart

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) leit á Haydn sem læriföður sinn og með þeim var mikill vinskapur. Mozart gerðist félagi í Frímúrarareglunni 1784 og fékk þar skjótan frama. Nokkur af verkum hans voru samin sérstaklega fyrir athafnir á vegum reglunnar og önnur hafa sterk tengsl við hana, svo sem Töfraflautan og Sálumessan. Maurerische Trauermusik er sorgartónlist og var samin til flutnings við útför tveggja reglubræðra 1785. Bassethorn og kontrafagott gefa tónlistinni mildan og djúpan sorgarblæ sem minnir óneitanlega á Sálumessuna.



Beethoven um það leyti sem hann samdi þriðja pianókoncertinn

Ludwig van Beethoven (1770 – 1827) samdi fimm pianókonserta enda var hann slyngur pianóleikari og frumflutti þá sjálfur. Hann samdi ekki konserta fyrir önnur einleikshljóðfæri ef frá er talinn einn fiðlukonsert og tríokonsert fyrir fiðlu, selló og pianó. Pianókoncertinn númer 3 var samin um aldamótin 1800 en ekki frumfluttur fyrr en þremur árum síðar. Á sömu tónleikum voru líka fluttar fyrstu tvær sífóníur Beethovens og óratórían Kristur á Olíufjallinu. Beethoven lék sjálfur einleikspartinn, að mestu eftir minni því ekki hafði enn gefist tími til að skrifa hann út. Vínur hans, Ignaz von Seyfried, fletti fyrir hann nótnablöðunum á tónleikunum og lýsti því síðar svo: „Ég sá ekkert nema tómar blaðsíður, í mesta lagi fáein ólæsileg hýróglifur hrípuð niður til minnis, því hann lék eftir minni eins og hann gerði oft, hann hafði ekki haft tíma til að skrifa allt á pappírinn.“



Joseph Haydn

Franz Joseph Haydn (1732–1809) var mjög afkastamikill og frumlegur í tónsmíðum sínum. Hann innleiddi nýjungar sem síðan festust í sessi. Nafngiftir eins og „faðir sífóníunnar“ og „faðir strengjakvartettsins“ eiga fyllilega við. Hann samdi ekki færri en 104 sífóníur og meira en 70 kvartetta. Auk þess samdi hann 14 messur, 16 óperur, meira en 60 pianósónötur, marga einleikskonserta fyrir ýmis hljóðfæri og margt fleira. Hin miklu áhrif, sem hann hafði á samtímamenn sína og nemendur, má vafalaust að nokkru rekja til skaplyndis hans. Þeir litu á hann sem óumdeildan andlegan föður sinn. Árið 1791 fór hann í fræga för til London og í farteskinu hafði hann nokkrar nýsamdar sífóníur til að færa Lundúnabúum. Þar á meðal var sú númer 95 sem hér verður flutt. Hún var frumflutt 1791 í Hanover Square Rooms í London.



Hákon og Oliver líta yfir nótur

Hákon Bjarnason fæddist í Reykjavík og hóf pianónám 9 ára að aldri. Helstu kennarar hans voru Jónas Sen í Nýja Tónlistarskólanum og Halldór Haraldsson við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Hákon útskrifaðist með Bachelor of Music gráðu frá Listaháskólanum vorið 2008 og hlaut hæstu einkunn fyrir útskriftartónleika sína. Um haustið 2008 flutti Hákon til Berlínar og sótti einkatíma hjá Jürgen Schröders fyrsta árið og síðan Klaus Bässlers. Á haustönn 2010 hóf Hákon nám við Konservatoríð í Amsterdam hjá Marcel Baudet.

Oliver Kentish fæddist árið 1954 í London. Þar stundaði hann sellónám í Centre for Young Musicians, síðan framhaldsnám við Royal Academy of Music. Auk

hljóðfæraleiksins hóf hann þegar á námsárunum að semja tónlist og fást við hljómsveitarstjórn. Árið 1977 kom hann til Íslands til þess að leika með Sífóníuhljómsveit Íslands. Sú dvöl varð lengri en til stóð. Hann kenndi í nokkur ár við Tónlistarskólann á Akureyri, síðan Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Nýja tónlistarskólann í Reykjavík. Oliver er afkastamið tónskáld og hefur unnið til verðlauna fyrir tónsmíðar sínar. Hann hefur verið viðriðinn starf Sífóníuhljómsveitar áhugamanna allt frá upphafi, sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur frumflutt mörg verk hans. Hann tók við sem aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi sveitarinnar 2005.